

SÝNIEINTAK
-má ekki fjarlægja

ORKUSTOFNUN

Jarðhitadeild

ÚTBREIÐSLA, UPPTÖK OG ALDUR

DYNGJUHRAUNA UMHVERFIS

REYKJAVÍK

Reykjavík, sept. 1973
Ragna Karlsdóttir

E F N I S Y F I R L I T.

	bis.
Inngangur	1
1. Aðferðir við kortlagningu	22
2. Þykkt grágrýtisins	3
3. Millilög í grágrýtinu	5
4. Útbreiðsla, upptök og gerð einstakra hruna	7
5. Höggun	11
6. Sjávarstaða á upphleðsluskeiði grágrýtisins	12
7. Tímaskali fyrir upphleðsluskeið grágrýtisins	13
8. Lokaorð	14
Heimildarrit	15

F Y L G I B L Ö D

Kort:

- 1-2 Dyngjuhraun umhverfis Reykjavík.
3. Þykkt grágrýtisins.
4. Snið AB af korti 3.
5. Snið úr Ártúnshöfða.
6. Sjávarstaða á upphleðsluskeiði grágrýtisins.
7. Tímaskali fyrir upphleðsluskeið grágrýtisins.

E F N I S Y F I R L I T.

bls.

Inngangur	1
1. Aðferðir við kortlagningu	22
2. Þykkt grágrýtisins	3
3. Millilög í grágrýtinu	5
4. Útbreiðsla, upptök og gerð einstakra hruna	7
5. Höggun	11
6. Sjávarstaða á upphleðsluskeiði grágrýtisins	12
7. Tímaskali fyrir upphleðsluskeið grágrýtisins	13
8. Lokaorð	14
Heimildarrit	15

F Y L G I B L Ö D

Kort:

- 1-2 Dyngjuhraun umhverfis Reykjavík.
3. Þykkt grágrýtisins.
4. Snið AB af korti 3.
5. Snið úr Ártúnshöfða.
6. Sjávarstaða á upphleðsluskeiði grágrýtisins.
7. Tímaskali fyrir upphleðsluskeið grágrýtisins.

INNANGUR

I þessari ritgerð er greint frá athugun á grágrýtishraunbreiðu þeirri, er þekur Reykjavíkursvæðið og almennt er köllur Reykjavíkurgrágrýti.

Verkið var unnið fyrir Vatnsveitu Reykjavíkur, en neyzzlu-vatn fyrir Reykjavík og nágrenni er fengið úr borholum í grágrýtinu.

Tilgangur þessarar athugunar var að greina sundur og rekja útbreiðslu einstakra hrauna innan grágrýtisins, kanna gerð millilaga í því og finna aldursafstöðu hraunanna. Þekking á þessum atriðum gæti hugsanlega varpað ljósi á hegðun grunnvatns-streymis og leiðbeint um boranir.

Einungis óljósar vísbendingar er að finna um þessi atriði í eldri ritum. Reykjavíkurgrágrýtið var talið eiga upptök sín í Borgarhólum (þorl. Einarsson, 1968, 1971, Tómas Tryggvason og þorl. Einarsson 1966). Jón Jónsson (1963, 1972) getur þess til, að suðurnuti grágrýtisins sé frá öðrum elastöðvum en Borgarhólum, skortir sannanir á því, og takmörkin segir hann algerlega óþekkt.

Tr. Einarsson (1972) nefnir að einhver hluti Reykjavíkurgrágrýtisins muni vera upprúninn í Lyklafelli. Eina vísbendingin um eiginleg millilög í grágrýtinu, að fráteknum Fossvogs- og Elliðavogslögnunum, er snið af djúpri borholu í Rauðhólum (Jón Jónsson 1973).

Við þessa athugun var einkum stuðzt við skýrslur og greinar Jóns Jónssonar (1963, 1965, 1972) og jarðfræði kort hans og Tómasar Tryggvasonar (1958). Auk rannsóknar úti í mörkinni var reynt að vinna út upplýsingum um borholur á svæðinu og loks rafleiðnimælingum. Aðallega var tekið tillit til þeirra borana, sem boraðar hafa verið fyrir Hitaveitum Reykjavíkur, og þeir Jens Tómasson og Þorsteinn Thorsteinsson hafa gert jarðlagasnið af. Auk þeirra eru til kaldavatnsborholur viða á svæðinu, en upplýsingar um jarðlög í þeim eru yfirleitt svo torráðnar, að horfið var frá því, að áætla nokkuð um jarðlög í þeim; að minnsta kosti í bili.

1. AÐGEREBIR VIÐ KORTLAGNINGU

Eins og fyrr er sagt var einkum leitazt við að greina grágrýtisbreiðuna í einstök hraun. Upplýsingasöfnun til slikrar greiningar er tvenns konar:

- A) Athuganir úti á svæðinu.
- B) Úrvinnsla úr borgögnum.
- A) Grágrýtishraunin eru bletótt dyngjuhraun. Beltaskiptingin myndast við það, að hraunstraumar hafa runnið inn yfir annan með tiltölulega stuttu millibili, en þó í sama gosi. Þau atriði, sem sérstaklega voru lögð til grundvallar við aðgreiningu milli einstakra dyngjuhrauna eru:

- ① millilög á hraunaskilum
- ② bólstraberg í neðra borði hrauns
- ③ útlitsmunur á bergeniu
- ④ landmótun

Finnast millilög, þ.e. set, milli tveggja grágrýtishrauna, gefur það til kynna, að hraunin ofan og neðan við millilagið hafi ekki runnið í sama gosi.

Bólstraberg í hrauni sýnir, að hraun það, er bólstrabergið tilhœyrir, hefur runnið út í vatn eða sjó. Sé hraun undir bólstraberginu, er auðsætt, að þar er um tvö aðskilin hraun að ræða.

Landsmótun mátti oft hafa til hliðsjónar í kortlagningunni. Hraunin sýna því minni merki um rof, sem þau eru yngri.

Oft koma fram stallar í landslaginu á hraunaskilum þar sem tiltölulega auðrofið millilag eða bólstraberg er á mörkunum.

Að vissu marki reyndist unnt að nota útlitsmun á bergi til aðgreiningar hrauna. Er þá sérstaklega átt við grófleika og tegund egg stærð díla.

- B) Allmikil gögn eru til hjá Orkustofnun um borholur á útbreiðslu-svæði Reykjavíkurgrágrýtisins. Ór nokkrum hluta holanna hefur svarf verið greint og teiknuð af þeim snið. Við skoðun sniðanna fyrir þetta verkefni er þá aðgætt, hvort millilög eða bólstraberg finnst í grágrýtinu og þykkt þess ákvörðuð.

2. PYKKT GRÁGRÝTISINS

Þykkt grágrýtishreiðunnar er helzt hægt að ákvarða út frá:

- a) Því sem sést í opnum, þar sem grunnur þess kemur í ljós.
- b) Jarðlagasniðum af borholum.
- c) Viðnámsmælingum.

Opnur þar sem sér í grágrýti ofan á gömlu hallandi bergi eru einkum á norðurhluta svæðisins. Myrrt á svæðinu hefur grágrýtið runnið vestur dalinn milli Mosfells og Esju, út í sjó, í gamla bergið undir grágrýtinu, en ekki vannst tími til nákvæmrar skoðunar þess að sinni.

Norðan í Álfnesi sér í gamalt berg í sjávarmáli. Ofan á Álfnesi er aftur á móti grágrýti og nær hæst 63 m.y.s.

Í norð-vestur horni Geldinganess sér í gamalt berg upp úr grágrýtinu. Líklegt er, að þetta horn hafi verið hóll í landslaginu og grágrýtið runnið umhverfis hann. Sunnan í Geldinganesi sér í gamalt holufyllit bóistraberg undir grágrýtisbrún. Geldinganes er hæst 40 m.y.s. og þykkt grágrýtisins því meiri en 40 m.

Í Gufuneshöfða og Ártúnshöfða sér í gamalt hallandi berg undir grágrýti (kort 5). Í opnunni í Artúnshöfða, sem skissan er af, er grágrýtislagið þunnt eða um 3 m. Vestast í höfðanum nær grágrýtið niður fyrir sjávarmál.

Bezt er að athuga borholusnið og niðurstöður viðnámsmælinga saman til að fá heildarmynd að þykkt grágrýtisins (sbr. kort 3). Þess ber að gæta, að nákvæmar niðurstöður um viðnám hinna ýmsu bergtegunda liggja ekki fyrir. Slikar tölur eru einkum háðar seltumagni, ummyndun eða hita í berginu, þar sem þessi atriði hafa áhrif til lækkunar á viðnáminu. Eina atriðið, sem hér gæti haft áhrif er selta og þá helzt á Álfanesi og Seltjarnarnesi.

Viðnámsmælingar, sem hér eru athugaðar hafa verið notaðar til jarðhitaleitar og mælingar því miðaðar við könnun á 1000 - 15000 m dýpi fremur en yfirborðskönnun. Flestar mælingar á grágrýtissvæðinu sýna yfirborðslag með háu viðnámi og er eðlilegt að telja þetta lag grágrýtislag, einkum ef hægt er að styðjast við niðurstöður úr borholum jafnarámt.

Með þessum upplýsingum var reynt að gera kort af vesturhluga svæðisins, sem sýnir hæðarlinur á botni grágrýtisins, miðað við sjávarmál (kort 3). Yzt á Seltjarnarnesi og Álfanesi er grágrýti efst í borholum, en undir því kemur bólstraberg á 5 - 10 m dýpi, neðan við núverandi sjávarmál. Bólstrabergið er síðan 25 - 30 m þykkt, yfirleitt. Viðnámsmælingar á Álfanesi sýna lagmót í um það til - 40 m og gæti það verið mótt milli bólstrabergsins og þess sem undir er.

Þegar austar drögur hækkar landið, nema kvað dældir eða kvosir hafa verið frá sunnanverðum Elliðavogi að Fossvogi, svo og við Hvaleyri. Síðan hækkar landið allt að Hjallamisgengjum.

Austan við þau dýpkar mjög á neðri móturnum grágrýtisins og eru þau í 0 - - 15 m. Þetta má telja eðlilega afleiðing misgengjanna, sem aðeins eru 2 viðnámsmælingar og 1 borhola austan misgengjanna.

A svæðinu norðan og austan við Mosfell var einungis stuðizzt við viðnámsmælingar. Virðist grágrýtið hafa runnið vestar, nokkuð þróngan en djúpan dal. Áætluð þykkt þess sést á sniði AB (kort 4).

3. MILLILÜG Í GRÁGRÝTINU:

a) Elliðavogslögin.

I háubökkum við Elliðavog, einnig í Brinnesi og víðar við sundin, sér á setlög, sem dregðó hafa nafn af veginum og nefnd eru Elliðavogslög (þ. Þorkelsson 1935, Þorl. Einarsson 1968). Lög þessi liggja milli tertíera, berggrunnsins og grágrýtis (Keykjavíkurgrágrýtis). Þau eru úr leirsteini með skeljum, árrframburði og jökulbergji. Þar sem Elliðavogslöginn ganga inn undir grágrýtið sér í þunnt mólag efst. Þess verður einnig vart undir grágrýtinu í Ártúns-höfða (Þorl. Einarsson 1983). Elliðavogslöginn koma fram í kerholum viða á Keykjavíkursvæðinu, ailt suður í Kópavog.

b) Fossvogslöginn.

Norðan við Fossvog sér í allþykk setlög, er draga nafn af veginum, Fossvogslög (H. Pjeturss og Þorl. Einarsson 1968). Lög þessi eru gerð úr sjávarseti með skeljum, sem hvílir á jökuþrákuðu Keykjavíkurgrágrýti. Neðst í setinu er jökulberg.

Jóhannes Áskelsson (1932) hefur ályktuð út frá gerð sjávarsetsins og dýraleifum, að neðri hluti Fossvogslaganaa sé myndaður í grunnum sjó og hafi hann dýpkar á meðan s myndun setsins stóð.

Jökull hefur gengið yfir Fossvogslöginn og er talið út frá því, að þau séu frá síðasta hlýskeiði (Þorl. Einarsson 1968).

Sjávarset í Kópavogi (sunnan í Kárasesi og norðan í Árnarnesi) er líklega frá sama tíma og Fossvogslöginn. Þetta set er grænilegast norðan við ós Kópavogslækjar og hafa sams konar lagaskiptingu og Fossvogslöginn. Þó eru leirsteinslöginn nokkuð þynnri. Jökull hefur einnig gengið yfir þessi lög eftir að þau hörðnuðu og finnast stykki úr þeim vöðluð saman við jökulruðninginn efst í laginu,

c) Elliðavatnsetið

I grjótnámi í Selási sér í set undir grágrýtishelli í H.ub. 80 m hað yfir sjó. Set þetta er ljósgrátt, leirkennit vatnaset, sem liggur á milli tveggja grágrýtishrauna, Reykjavíkurgrágrýtisins og Heiðmerkurgrágrýtisins (sbr. mynd 3.1 og 3.2). Hraunið yfir er grófstuðlað neðst, en hefur storknað í kubbaberg efst, en það bendir til vatnagangs í heitt hraunið.

Begga set kemur fram í borholunni í Rauðhólum og er þar um 10 m þykkt (Jón Jónsson 1963) og 1973). Það kemur einnig fram í hinum dýpri borholum Vatnsveitunnar í Heiðmörk langt suður fyrir jaðar og skiptir þar tugum metra. Ein af þremur kjarnahólum syðst í Selási kom í kísilgúr undir grágrytlagli. Grágrytið ofan á kísilgúrnnum er í bólstrabergsásýnd, sem sést raunar einnig á yfirborði austan í holtinu, sem kjarnaholurnar voru boraðar í (mynd 3.4.)

Set þetta er hér nefnt Elliðavatnssetið og hefur myndast í vatni, sem verið hefur á Elliðavatnssvæðinu. Heiðmerkurgrágrytið hefur síðan runnið út yfir setið.

Í gömlu grjótnámi norðaustan í Breiðholssnverfi sér í set undir grágryti í um það til 80 m hæð (mynd 3.3). Það er um mold að ræða. Þetta grjótnám er mjög samfallið, en líklega á athugasemd Þorl. Einarssonar (1968) um kolaðar plöntumeifar og jarðveg norðaustan í Breiðholti við um þennan stað.

Undárlagið sést ekki, en enginn vafi getur verið á því, að það er grágryti og þá annað hraun, en það sem yfir liggur, en ekki hinn árkvarteri berggrunnur. Jarðvegslagið mun vera frá sama tíma og Elliðavatnssetið.

Í Hafnarfirci austur af Hafnarfirði, er grjótnám. Þar sér í bólstraberg efst, sem tilheyrir Heiðmerkurgrágrytinu. Undir því er þunnt setlag, sem hvílir á jökulsorfinni grágrytisklæpp. Set þetta má telja samtíma Elliðavatnssetinu.

7. ÚTBREIDSLA? UPPTÖK OG GERÐ EINSTAKRA HRAUNA:

4.1. Reykjavíkurgrágrýtið.

Reykjavíkurgrágrýtið liggur á öllu Seltjarnarnesi og Kársnesi. Það sér undir það í Elliðavogi (Elliðavogslögðin). Við Viðeyjarsund, í Ártúnshöfða og í Gufuneshöfða sér einnig undir það, þar sem árkvarter basaltmyndun með suðaustur halla kemurl fram.1

Til norðurs nær Reykjavíkurgrágrýtið norður á Grafarholt og Keldnaholt og út á Glufuneshöfða, þar sem það gengur í sjó. Brún þess sveggirr þaðan suður á Ártúnshöfða og liggur umhverfis Elliðavogsgog ut með Viðeyjarsundi að sunnan. Í-Laugarnesi gengur grágrýtið fram í sjó, en gamla bergið kemur fram aftur a suðurströnd Viðeyjar.

Til suðurs nær Reykjavíkurgrágrýtið yfir Kársnes, yfir utanvert Arnarnes og utanvert Álftanes. Í Arnarnesi og Álftanesi gengur það undir ytra grágrýtislag, sem er hér kennt við Hafnarfjörð.

Til austurs í Grafarholti og Breiðholtshverfi hefur Reykjavíkurgrágrýtið undir Heiðmerkurgrágrýtið, sem er sjálfstætt hraun eins og var sagt.

Upptök Reykjavíkurgrágrýtisins eru nokkrum vafa undirorpín. Líklegust upptök eru í Lyklafelli, sem er dyngjuhvírfill upp af Sandskeiði. Vesturhluti gígsins stendur, en jökkull hefur sorfið burt austurhluta hans. Næst hvíktinni sem myndar sjalfan gígginn má greinilega sjá, hvernig hraunbeltum og gjalllögum hallar út frá gígnum.

Eftir að gígurinn myndaðist hafa grágrýtisishraun tvísvar rannid upp að honum. Í holtum sunnan við Lyklafell, svo og í lækjarfarevgum austan og vestan fellsins er feldspatdílótt hraun (Heiðmerkurgrágrýti). Ofan á því, norðan við Lyklafell, liggur súw Borgarhólagrágrytið, en á nokkrum stöðum við Lyklafell sér í móberg á milli þeirra (myndir 4.1, 4.2, 4.2, 4.4, 4.5).

Reykjavíkurgrágrýtið er beltótt dyngubasalt nokkuð þétt, ólivindílótt.

4.2 Hafnarfjardargrágrýtið

I Hvaleyrarhöfða sér í grágrýti, mjög bólstrað. Sólstrabergið sést yzt í höfðanum, en ofan á og innar er grágrýtið beltótt í

Um 20 m.h.y.s. Á Álftanesi sér í bólstraberg betta í fjörunni, neðan við bæinn Dysjar.. Skammt utar sér í grágrýtisklappir í flæðarmálínu, er verða að teljast liggja undir bólstraberginu og tilheyra LReykjavíkurgrágrýtinu.. Bólstrabergið fimmst meðfram Hraunholtslæk, vestan Hafnarfjarðarvegar, og það má síðan rekja þvert yfir Arnarnes, en þar liggur Hafnarfjarðargrágrýtið einnig ofan á Reykjavíkurgrágrýtinu.

Norðurmörk þessa grágrýtishrauns liggja svo líklega inn kvosina inn af Kópavogi. Hafnarfjarðargrágrýtið hefur þannig runnið til vesturs í sjó fram.

hver

Til suðurs hefur Hafnarfjarðargrágrýtið undir ung hraun. Til austurs hverfur það undir yngra hraun, Heiðmerkurgrágrýtið. Verða þau mörk rakin síðar.

Hafnarfjarðargrágrýtið er beltótt dyngjubasalt, líkt Reykjavíkurgrágrýtinu í útliti. Þykkt beltí með stórum ólivíndum finnast.

4.3 Dílót grágrýti í Hamranesi og Grímsnesi.

Suðaustur af Ásfjalli ofan við Hafnarfjörð eru tvö holt, Hamranes og Grímsnes. Í Hamranesi er grjótnám.. Eftir t í grjót-náminu er í um það bil 5- m h.y.s. bólstraberg. Undir því er þunnt setlas og hvílir það á jökulsorfinni grágrýtisklöpp. Þetta neðra grágrýti er með áberandi stórum feldspat-dílum og finnast aðeins í Hamranesi, svo og Grímsnesi. Afstaða þess við Hafnarfjarðargrágrýtið er óskýr, en líklegt er þá, að dílótt hraunið leggi ofan á.

4.4

Heiðmerkurgrágrýtið

Bólstrabergið í Hamranesi, sem fyrr er á minnst, tilheyrir svonefndu Heiðmerkurgrágrýti (mynd 4.6.). Til austurs frá Hamranesi má rekja þetta bólstraberg að misgengni sem sker Bleiksteinsháls (skammt frá ruslahaugum Hafnfirðinga).

hver

Í misgenginu hefur bólstrabergið og er líklega á einhverju dýpi þar fyrir austan. Í Ásfjalli er bólstraberg, þ.e. skriður baktar bólstrabergsbrotum, í sömu hæð of í Hamranesi, eða um það bil 50 m h.y.s. Rekja má svo þetta bólstraberg norðan í Ásfjalli, vestan í Fjárhúsholti, umhverfis Urriðavatn, vestan í Urriðavatnsholti og Vífilstaðahlíð, umhverfis Vífilstaðnyavastagn vestan í Enðraholti. Alltaf í sömu hæð, eða u.p.b. 45 - 50 m h.y.s.

Brúnin liggur svo að öllum líkindum áfram norðaustur yfir kvosin inn af Kópavögi og tengist grágrýtinu sem liggur efst í Breiðholti og Selási. Þar liggur það ofan á láirkenndu árseti í u.p.b. 70 m h.y.s.

Brúnin liggur svo norður að Leirtjörn, yfir Grafarholt og austur undir Reynisvatnsás. Síðan sér í það afitn-austan Langavatns, austur að Miðdal. Ápessu svæði eru mörkin milli Heiðmerkurgrágrýtisins og Reykjavíkurgrágrýtisins fundin með því að bera saman útlit hraunanna. Heiðmerkurgrágrýtið er frófara en Reykjavíkurgrágrýtið og auk þess feldspat-dílótt.

A svæðinu austur af Geithálsi sér í grágrýtið (sem að gerð líkist Borgarhólagrágrýtinu) og er það eldra en Heiðmerkurgrágrýtið. Auk þess sér svo í Heiðmerkurgrágrýtið í holti við Lögberg, svo og suður af Lyklafelli, eins og áður er vikið að.

4.5. Kotásgrágrýtið.

Austur af Géithálsi er grágrýtiseyja, sem að vestanverðu afmarkast af Heiðmerkurgrágrýti, eins og fyrr er sagt. Að norðan og austan afmarkast það svo af Borgarhólahraunbrúninni, hugsamlega tilheyrar betta Reykjavíkurgrágrýtinu. Þessi grágrýtisspilda virðist vera þánn, það sem gamalt holufyllt (holufylling) kabasít bólstraberg hefur komið upp við sprengingar fyrir háspennumöstrum.

4.6. Borgarhólagrágrýtið.

Yngsta grágrýtishraunið er komið frá Borgarhólum sem eru dyngjugvirfill á Mosfellsheiði. Norðaustan við Grímannsfell liggur brún þessi líklega frá austurgerni fjallsins, meðfram Leirvogsvatni að sunnan, og þaðan norðaustur. Áaallxi beirri leið kemur skörp bfún fram í landslaginu, sem líkist brúninni ofan við Lækjarbotna og sýndi sig þar að vera á hraunaskilum.

Hraunið sem runnið hefðum vestur með Esju mundi vera eldra, líklega samtíma Reykjavíkurgrágrýtinu og jafnvel sama braunið. Þaðar Borgarhólagrýtisins liggur svo suðvestur með Grímannsfelli, umhverfis Krúkatjörn svo fyrir Djúpakal og að óá enda Langavatns. Allt frá nefndum tjörn austan Miðhals að enda Langavatns má finna slæðing af bólstrabergsbrotum meðfram brúninni.

Vestan Langavatns liggur Hraunið fram á Reynisvatnsás og Grafarheiði. Norðan Rauðavatns beygir brúnin svo til austurs og liggur sunnan í stóra Skyggni, krækir fyrir Sólheimatjörn og liggur til suðurs að Lögbergi. Ofan við Lögberg beygir hún austur og má finna hana í holtunum suðaustur af Lyklafelli. Hún liggur svo umhverfis Lyklafelli og suðaustur af fellinu.

Neðst í hraunbrúninni nyrzt í Lækjarbotnum og þaðan allt að Stóra skyggni má ginna bólstrabergsbrot. Brúnin er ~~þá~~ jafnframt einkennilega há. Það gæti bent til þess, að hraunið hafi þessum slóðum runnið út í vatn (mynd 4.7).

Athyglisvert er, að tölvert af uppsprettum koma fram undan jaðri Borgarhólagrágrýtisins. Einkum eru læurnar varnsmiklar, sem koma fram í Leikjarbotnum. Einnig koma fram lænur við Leirtjörn, en þær eru miklu vatnsminni.

Borgarhólagrágrýtið er beltótt dyngjubasalt, þétt, sums staðar áberandi ólivíndílótt.

4.7. Sandskeiðsgrágrýtið.

Hraunið sunnan vegar á Sankskeiði, líkist nokkuð Borgarhólagrágrýtinu að útliti, en er heldur grógara og ílivíndílarnir stærri. Þetta grágrýti stendur aðeins þarna í nokkrum holtum lít frá Lögbergi og austur á Sandskeið, en hverfur allt undir yngri myndanir rétt sunnanvög austar. Þetta frágrýti kemur fram í lágum ásum, sem fara hækkandi til suðurs. Af því má alykta, að um sérstakt dyngjuhraun sé að ræða, sem sé runnið úr þeirri átt.

5. HOGGUN.

Brotlinur ássvæðinu eru að mestu leytti NA - SV misgengi og sprungur. Í gegn um svæðið má rekja tvo sprungusveima. Sá vestari er framhald sprungusveims er liggur í gegn um Krísvíkur-svæði. Vestustu misgengin eru í Bleiksteinshálsi, skammt austan við Hafnarfjörð, þar sem bólstrabergslagið neðst í Heiðmerkurgrágrýtinu sekkur niður. Starsta misgengi í sveimnum er svo nefnt Hjallamisgengi (mynair 5.1, 5.2). Mest sýnilegt misgengi er við Vatnsendaborg og Arnarbæli og hefur Jón Jónsson (1964) mælt það samtals um 65 m.

A vesturhluta sveimsins, þ.e. allt frá Bleiksteinshálsi austur fyrir Hjalla, snúa misgengin þannig, að austurbarmur sprungunnar er lægri. Skammt austan Hjalla snyst þetta við. Austar hverfur svo grágrýtið undir Húsafellsbruna, sem hefur runnið yfir austurhluta sveimsins.

Eystrí sveimurinn er framhald sprungusveims er liggur um Brennisteinsfjallasvæðið. Brotlinurnar á svæðinu umhverfis Lyklafell eru hluti úr þeim sveimi og er Lyklafell staðsett í vestur hluta sveimsins.

Sé sveimurinn rakinn norðaustur sést að Borgarhólarnir eru einnig staðsettir í vesturjaðri þessa sama sprungusveims.

Sjávarmenjarnar, sem rætt er um í næsta kafla, benda ekki til þess að grágrýtishellan hafi snarazt eftir að hún myndaðist. Höð eina, sem hugsanlega gæti bent til snörunnar, eru skil beltótt og bólstrótt grágrýtis á Brimnesi, sem eru h.u.b. f 10 m.h.y.s. og a Seltjarnarnesi og Álfanesi, þar sem þessi sömu skil eru 5 - 10 m undir sjávarmáli. Þó er ekki fullvísst að í rauninni sé þarna um sama hraunið að ræða.

Heimildarrit

- Þorl. Einarsson 1966: Jarðfræði.
- Þorl. Einarsson og Tómas Tryggvason 1966: Aðalskipulag Reykjavíkur, - Kafla um jarðfræði Reykjavíkur og nágrennis.
- Jón Jónssen 1963: Skýrsla til Vatnsveitu ásamt korti.
- Jón Jónsson 1965: Nátturufræðingurinn, - Sprungur og misgengi í nágrenni Reykjavíkur.
- Jón Jónsson 1973: Nátturufræðingurinn, - Grágryti.
- Jón Jónsson og Gómas Tryggvason 1968: Járðfræðikort áf nágrenni Reykjavíkur.
- Montfrans 1971: Paleomagnetic dating in the North Sea Basin. Earth and Planetary Science Letters.
- Porkell Porkelsson 1935: Greinar, - A Fossiliferous Inter-glacial Layer at Elliðavogur, Reykjavík.
- H. Pjetursson 1904: Tímarit hins íslenska bókmenntafélags, 25. árg., - Athugasemd um jarðlög í Fossvogi.
- Trausti Einarsson 1972: Eðlisþáttir jarðarinna og Jarðsaga Íslands.




ORKUSTOFNUN

GYPCAP

AUSTRIAN METEOROLOGICAL

PROFIL I Í ÁTT TÍS BORGARHÖLA





ORKUSTOFNUN

EXPON

SUNDANNA NÁTT-
HAGAÍRHIS

2011. II. 18. TIL ÞORGAÍRHELA.

21

22

23

24

25

26

27

28

29


30

REYKJ

445.250.55X

L

WILSON AREA BOUNDARY LINES
LAWRENCE COUNTY
Pennsylvania
1900



kort 4

Jónas Þ. B.

HÖRKUSTOENUN

Hverfjallar

300

400

300

200

100

0

200

0

L3

D33

D8 D14

D16


D7

100

200


skálalíðir og gildir til 1000 m. hæðarhlíðar

þarf ekki að fá til hins meira en 1000 m. hæðarhlíðar



Fræðigjárið ófær ó gómum höllum með röggum í straumum


- (1) gómum höllum með röggum, höllum með röggum, svæði spal, kobburit
- (2) gróf mol og sandur, höllum með röggum, en þa til gomist og höllirill.
- (3) reykjaundergrýti



Tímaskoli fyrir upphledsluskeid grógrýtisins

Kort 7

millj. ár



Montfrans 1971

Emiliani 1970

